



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Stakkaborg

2021-2022



Gleði – Hreyfing - Vinátta

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfrlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Innra mat	6
2.1	Langtíma matsáætlun 2019 - 2022.....	7
2.1.1	Stutt greinargerð deildarstjóra Kattholts um starfið á síðasta ári.....	8
2.1.2	Stutt greinargerð frá deildarstjóra Undralands um starfið á síðasta ári.....	11
2.1.3	Stutt greinargerð deildarstjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári.	15
2.1.4	Innra mat sérkennslu.....	19
3	Ytra mat	21
4	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
5	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
6	Foreldrasamvinna.....	24
7	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
8	Fylgigögn.....	26
8.1.1	Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs	27
8.1.2	Fylgiskjal 2 – Árshjól Stakkaborgar	30
8.1.3	Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal	33



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Leiðarljós leikskólans:

Gleði – Hreyfing – Vinátta

Við mætum til leiks á hverjum degi með gleði í hjarta og bros á vör. Við nýtum hreyfingu eins mikið og kostur er, bæði inni og úti. Í leikskólanum okkar ríkir vinátta bæði meðal starfsmanna og barna.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2020 – 2021 einkenndist af kórónuveirufaraldrinum þannig að ýmislegt var öðruvísi en árin áður. Í vetur voru 67-68 börn í leikskólanum 15 á ungbarnadeildinni, 24 á Undralandi og 28 á Kattholti og skólastarfið öðruvísi en venjulega. Leikskólaárið einkenndist af aðgerðum í sóttvörnum en stór hluti vetrar fór fram í hólfun á milli deilda. En með þeim aðgerðum datt flæðið milli deilda niður og fór starfið fram innan hvernar deildar fyrir sig. Við bjuggum þó mjög vel hvað varðar starfsaðstöðu en það hjálpaði mikið að endurbætur á Sjónarhóli höfðu farið fram á sumarmánuðum 2020. Hiti var settur í gólf, allt skipulag breytt, baðherbergi endurbætt og húsbúnaður hafði verði endurnýjaður að mestum hluta. Deildin heppnaðist mjög vel og er í dag falleg og hlýleg 15 barna ungbarnadeild þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar. Með þeim framkvæmdum voru vinnuaðstaða starfsmanna og aðbúnaður þeirra endurbættur. Ný kaffistofa starfsmanna og ný starfsmannaklósett gerðu það að verkum að það auðveldaði mjög að halda uppi sóttvörnum og draga úr nálægð og sameiginlegum snerti flötum milli deilda. Á tímabili í vetur var gerð auka kaffistofa í salnum þar sem Kattholt og Undraland nýttu sinn hvorn hlutann af því rými.

Sjónarhóll opnaði aftur eftir sumarleyfi 2020 í endurbættu húsnæði sem ungbarnadeild. Á haustmánuðum endurnýjuðum við svo skápa og hirslur á eldri deildum.

Í menntastefnunni tókum við í viðbót en það var læsi. Áður höfðum við unnið með sköpun og félagsfærni en héldum að sjálfsögðum áfram að dýpka þá þætti. Við héldum áfram vinnu með ferilmöppur og teljum nú að sú vinna sé komin á góðan stað meðal starfsmanna. Við tókum inn tímabundinn verkefnastjóra í Vináttu verkefni Barnaheilla eða frá áramótum 2021 til maí 2021 og gafst það vel. Verkefnastjóri kom þá inn í stundir með elstu þremur árgöngum leikskólans og vann ýmis verkefni í félagsfærni.

Við lukum nú á sumarmánuðum síðasta árinu í þriggja ára verkefni með Rannung „Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag“ og lögðum áherslu á könnunaraðferðina inni á elstu deild í tengslum við það verkefni. Afraksturinn var svo sýndur á Menntastefnumóti Reykjavíkurborgar 10.maí 2021.

Stytting vinnuvikunnar kom svo inn um áramótin í kjölfar samninga. Vinnuhópur hóf störf í tengslum við það á haustmánuðum, hópurinn hélt fundi með öllum starfshópnum og tók samtal um hvaða leið starfsfólk vildi fara í þessu verkefni. Eftir góða vinnu starfshópsins skilaði hann af sér tillögu sem var



samþykkt á starfsmannafundi. Byrjað var á tveggja tíma styttingu í 10 vikur sem fór fram sem 4 tíma stytting aðra hvora viku. Eftir þessar 10 vikur eða þann 15. mars var bætt við einni klukkustund í vinnustyttingu og þá fengu starfsmenn tveggja tíma styttingu aðra vikuna og 4 tíma styttingu hina vikuna. Ákveðið var að það kerfi gengi út að sumarleyfi og við tækjum inn fulla styttingu hausið 2021. Vinnustyttingin hefur gengið almennt vel og ekki þurft að senda heim vegna hennar. Við erum vel mönnuð og veikindaprósenta leikskólans almennt mjög lítil sem gerir það að verkum að þetta hefur gengið vel. Allir starfsmenn taka sína vinnustyttingu út í hverri viku og hefur það yfirleitt alltaf gengið upp. Starfsmenn eru ánægðir með styttinguna og hvaða leið var farin í þeirri vegferð.

Almenn mönnun hefur gengið vel og við bættum í fagfólk í vetur en 30% starfsmanna eru í Eflingu, starfsmenn með leyfisbréf eru 35% og nú eru 35% í Sameyki. Einn starfsmaður er í leikskólaliðanámi og einn starfsmaður lauk nú á vordögum leikskólakennaranámi. Einn leikskólakennari er í leiðsagnarkennaranámi og teljum við það mikilvægt þegar kemur að því að fá inn nýja leikskólakennara að hafa aðila til að taka á móti nýjum starfsmönnum.

Segja má að veturinn hafi í raun verið afar farsæll í Stakkaborg. Könnun um ánægju foreldra kom mjög vel út og var almenn ánægja foreldra með leikskólann. Stakkaborg fékk viðurkenningu sem Fyrirmyndar starfsstaður Reykjavíkurborgar 2021 og var þar meðal 4 efstu leikskólanna í starfsánægju. En þessi viðurkenning byggist á útkomu úr starfsmannakönnun vetrarins. Við erum ákaflega stolt að ljúka vetrinum með þeim árangri og má í raun sjá þessa starfsánægju kristallast í lágri veikindaprósentu meðal starfsmanna og almennri jákvæðni og gleði sem ríkir á vinnustaðnum.



2 Innra mat

Deildir leikskólans eru þrjár, Kattholt þar sem elstu tveir árgangarnir eru, Undraland þar dvelja börn 2-4 ára og Sjónarhóll sem er yngsta deildin. Á Sjónarhóli voru börnin 16-18 mánaða þegar þau komu flest inn, nokkur komu inn á forgangi um eins árs.

Áfram verður innra mat leikskólans byggt á gögnum úr ytra mati frá 2018. Við leggjum áherslu á að halda áfram með þá þætti sem voru áætlaðir í starfsáætlun síðasta vetrar en því miður fór margt af þeim þáttum ekki í gang sökum veirunnar. Það var erfitt að vinna t.d. með heimamenningu þegar ekki er hægt að halda upp eðlilegu skólastarfi. Aðlögun fór ekki fram með sama hætti og venjulega en nú stefnum við á að fara aftur til baka í þátttökuaðlögun og meiri tengsl við heimilin. Vorum við ánægð með vinnu í tengslum við heimamenningu sem fram fór í aðlögun nýrra barna fyrir rúmu ári síðan, þar sem foreldrar unnu kynningarspjald á sinni fjölskyldu, stefnum á að nýta það verkefni árlega en eðlilega fór þetta verkefni ekki eins markvisst fram þennan vetur.

Við höfum fest ferilmöppurnar vel í sessi og eru þær í stanslausum endurbótum og umræðum meðal starfsmanna um hvernig megi gera betur. Í skýrslunni frá maí 2018 var stefna leikskólans var ekki nógu sýnileg að mati matsaðila, við höldum áfram með þá vinnu næsta vetur, þ.e. að innleiða aftur inn flæði í starf barnanna. Þá kom einnig fram í þeirri skýrslu að einkunnarorð leikskólans þyrfti að gera sýnilegri en það náðist ekki þennan vetur en nú verður sú vinna unnin á haustmánuðum og verður nýtt til grundvallar í öllu starfi vetrarins.

Við innra mat höfum við verið dugleg að nýta gátlista menntastefnunnar og munum gera það áfram. Við nýttum nokkra skipulagsdaga í þá vinnu í vetur og fórum m.a. yfir listann Læsi, Félagsfæri og Sköpun í sameiningu allur starfshópurinn. Sú vinna skilaði inn gríðarlegum ávinningi í því að kortleggja hvað við erum að gera í hverjum þætti fyrir sig og verður svo nýtt við vinnu nýrrar námskrár.

Það var á áætlun að vinna sjálfsmat fyrir deildarstjóra en sú vinna komst ekki í gangið í ár en við stefnum á að taka inn það mat þennan veturinn en markmiðið með sjálfsmati er að efla deildarstjóra í starfi. Með því að ígrunda starfið og setja sér markmið sem deildarstjórar ná þeir sem stjórnendur aukinni færni í krefjandi starfi. Deildarstjórar þurfa að fá tækifæri til að efla sig sem stjórnendur og verður það haft í huga þegar leitað verður eftir námskeiðum fyrir þá starfsmenn. Rannung verkefnið náði að koma inn á þennan þátt að hluta til í vetur en þar er verið að leitast við að efla deildarstjóra í starfi í innleiðingu menntastefnunnar, en því samstarfsverkefni lauk nú á vormánuðum. Deildarstjórar búa vel að því verkefni og hefur þetta aukið samtalið og fagumræðuna þeirra á milli mjög mikið.

Vinna við skólanámskrá er hafin og bættum í hana í vetur en þegar ekki var hægt að fá inn fyrirlestra var tíminn nýttur til að vinna undirbúningsvinnu fyrir hana. Nú stefnum við á að ljúka þeirri vinnu á haustmánuðum næsta skólaárs. Skólanámskrá er lifandi plagg en grunnur þess liggur í samvinnu starfsfólks og sú vinna sem unnin var í vetur nýtist fyrir næsta skólaár.



2.1 Langtíma matsáætlun 2019 - 2022

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x	x	x	x
Faglegt samstarf	x		x	
Leikskólaþróun og starfsþróun	x		x	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		x		x
Námsvið leikskólans		x	x	x
Leikskóli án aðgreiningar		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara		x		x
Fjölgun starfsmanna í námi í leikskólakennarafræðum.			x	
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x
Starfsánægja	x	x	x	x
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	x	x	x	x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Framkvæmd		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umbætur		x		x

2.1.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Kattholts um starfið á síðasta ári.

Þar sem Stakkaborg hefur verið að taka þátt í verkefni á vegum RannUng var aðal áhersla vetrarins að halda áfram að styrkja vinnu inn á deildinni með því að nota könnunaraðferðina. Við fórum í gegnum það hvernig best væri að nota hana. Við byrjuðum að velja bók til að vinna með og var fyrir valinu Geiturnar þrjár. Út frá því var búin til vefur þar sem börnin voru spurð hvað þau vita um geitur?. Þessi vinna var unnin með yngri hópnum okkar þar sem þeir kennarar voru að þjálfa sig í þessari aðferð. Út frá þessu skapaðist mjög skemmtileg og áhugaverð vinna þar sem inn í þetta verkefni voru teknir þeir þættir sem við vorum að leggja áherslu á félagsfærni og sköpun. Elsti hópurinn var í öðrum þáttum eins og mánuðunum, vinna með tölur, hugarfrelsi og Lubba verkefnum. Þar sem skipt var um hópstjóra hjá elsta hópnum um áramótin kom deildarstjóri með þá hugmynd að taka þema vinnu á allri deildinni og taka fyrir tröll.



Þannig gætum við tengt nýjasta hópstjóran betur saman við aðra hópstjóra á deildinni. Þannig fundum við allar þær bækur sem við áttum um tröll og tengt efni. Hver hópstjóri valdi bók með börnunum og var byrjað að búa til vef og skrásetja það sem börnin vissu um tröll. Þessi vinna teygði sig yfir restina af skólavetrinum. Inni þetta tengdum við svo alla þætti aðalnámskrá með sérstaka áherslu á félagsfærni og sköpun. Þarna fengu börnin mikið tækifæri á að koma á framfæri hugmyndum sínum og bjuggu til alls konar tröll, tröllasúpu og sungu allskonar lög þar sem tröllin komu fyrir. Einnig jókst orðaforðinn þeirra þar sem þau léku sér við að búa til orð eins og tröllla-trú, tröllla-gleði og mörg fleiri orð sem þau veltu fram og til baka. Í miðri þema vinnunni fór svo að gjósa og fengu þau að sjálfsögðu mikinn áhuga á því. Þá voru góð ráð dýr og við skelltum upp vef þar sem þekking þeirra á gosi var skrá sett og við lékum okkur að búa til eldgos tengja það saman við tröllin. Þar sem mikill hluti af vinnu elstu barnanna er að fara á söfn og vinna út frá því þá urðu ferðir á söfn ekki eins miklar og eru hjá okkur. Við gátum þó í komist á nokkur söfn en ekki eins mikið og við hefðum vilja. Elstu börnin unni að útskriftarstuttmýnd sinni og var hún frumsýnd nú í júní við mikinn fögnuð barnanna og foreldra þeirra.

Börnin bjuggu til handrit og söguþráð með aðstoð aðstoðarleikskólastjórans þar sem þau unnu mikla og mjög skemmtilega vinnu. Þrátt fyrir sóttvarnaaðgerðir tókst okkur að vinna mikla og skemmtilega vinnu með öllum börnunum. Við gátum farið nokkrar ferðir á bókasafnið með þau og átt þar góðar stundir. Einnig tókst okkur að fara nokkrum sinnum í íþróttahúsið við Háteigsskóla en ekki eins mikið og við hefðum viljað.



Einnig tókst okkur að ljúka verkefninu sem við unnum með Tónskóla Sigursveins og öðrum leikskólum, gátum farið í heimsókn í tónskólann og sungið í Ráðhúsinu fyrir foreldranna og aðra. Því miður tókst ekki að halda úti Skilaboðaskjóðunni sem er samtarf okkar, Nóaborgar, Klambra og Háteigsskóla en vonandi getum við tekið það upp í haust. Öll foreldraviðtöl fóru fram í gegnum fjarfundabúnað og voru

foreldrar mjög ánægðir með það og gengu þau mjög vel. Næsta vetur verður örugglega framhald á því þannig að foreldrar geti ráðið hvort þau taki viðtalið í gegnum fjarfundabúnaðinn, komi á leikskólann eða jafnvel bæði í boði.

Umbótaþættir á Kattholti

Skráningar á námi barna verði sýnilegri á deildinni: Öll börnin eru núna komin með ferilmöppu og eru þær aðgengilegar börnunum. Skráningin er til að meta nám, þroska og vellíðan barna. Skráningin er mjög góð til að hafa betri yfirsýn á framförum þeirra og hvað þarf að styðja þau frekar í. Allir starfsmenn eru búnir að tileinka sér hæfni sem þarf við gerð skráninga.



Það sem vel er gert: Hópaskráningum eru orðnar mjög sýnilegar bæði fyrir börn og foreldra þeirra. Allir starfsmenn eru miklu meðvitaðri núna um að setja upp skráningu á vinnunni með börnunum þannig að hún sé sýnilegri fyrir alla.

Tækifæri til umbóta: Ætlunin er að setja fókusinn á einstaklingsskráningar næsta skólaár, með áherslu á félagsfærni og vináttu barnanna. Þar sem fókusinn í hverjum mánuði verður á ákveðin börn. Þannig að í lok skólaársins verða öll börnin komin með einstaklingskráningar í möppuna sína

Heimamenning barnanna: Að samstarf heimila og skóla gerir starfið ennþá betra því mikilvægt er að foreldrar verði enn meiri partur af starfinu.

Var á áætlun eftir ármót 2021 en ekki tókst að vinna þetta

Tækifæri til umbóta: Það var á dagskrá að byrja með „stjörnu vikunnar“ eftir áramót. Ætlunin var að tengja heimili og skóla enn betur með því að foreldrar gerðu heimavinnu með börnunum þar sem þau taka myndir heima af því sem þeim langaði til. Svo í hópstarfi átti „stjarna vikunnar“ að vera með myndasýningu fyrir börnin sem varpað yrði af skjávarpa á tjald þar sem þau væru að segja og sýna hinum frá myndunum með aðstoð starfsmanns sér við hlið. Þarna væru þau að feta sín fyrstu fótspor í að standa fyrir framan aðra og segja frá sem styrkir sjálfsöryggið og félagsfærnina. Einnig áttu þau að koma með bækur að heiman sem lesa átti í sögustundum. Vegna verkfalla og Covid-19, þurfti að fresta þessu, en við viljum stefna að því að gera þetta næsta skólaár.

Læsi, áhersla að auka orðaforða og umhverfislæsi barnanna: Efla starfsmenn í að vinna með Lubba og tengt efni með áherslu á hljóða myndun stafanna. Þar sem inn verður tekið hvernig maður leikur sér með tungumálið. Með því að setja læsi inn í daglegt líf þeirra.



Það sem vel er gert: Efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og leyfa börnunum að spreyta sig í að nýta umhverfið til að bæta í orðaforðasafnið. Börn og starfsmenn efla sig í að setja orð á hlutina í umhverfinu með því að bæta t.d. merkingar á hlutunum í kringum okkur. Þannig að þau fái tækifæri á að hjálpa til við að finna allskonar orð.



Tækifæri til umbóta: Það kom í ljós í þemavinnu síðasta vetrar að börnin voru mjög dugleg að búa til orð og leika með þau en það vantaði aðeins á að útskýra fyrir þeim hvað sum orð pýða og er ætlunin að bæta það í þessari vinnu. Einnig vantaði upp á meiri markvissa vinnu með hann Lubba okkar

Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Gera markvissari, einstaklingsskráninga r fyrir börnin	Við veljum þá þætti sem við ætlum að skrá. Starfsfólk fær leiðbeiningar og skráningarnar verði sendar á foreldra.	Haut 2021 Vor 2022	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarfundir, skipulagsdag undirbúningtímum starfsmanna	Að skráningar séu reglulegar og markvissar. Þannig að þær nýttist til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega
Að heimamenning verði sýnilegri á deildunum	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu barna þeirra	Haut 2021 Vor 2022	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarfundur, skipulagsdag viðtölum við foreldra	Markvisst sé unnið með heimamenningu yfir árið á öllum deildum
Setja upp áætlun hvernig við ætlum að vinna með læsi. Áhersla lögð á að börnin hafi áhrif á ferlið með starfsmönnum.	Í rólegu umhverfi og gefa sér tíma.	Haut 2021 vor 2022	Deildarstjóri ber ábyrgð að þetta fari markvisst fram samkvæmt áætlun og allir starfsmenn taki virkan þátt í að móta það.	Með skráningu og að því verði fylgt eftir á deildarfundum	Að börnin fái tæki til að æfast í að leika sér með tungumálið meðal annars.



2.1.2 Stutt greinagerð frá deildarstjóra Undralands um starfið á síðasta ári.

Á Undralandi eru nú 24 börn, ellefu börn fædd 2017, tólf eru fædd 2018 og einn drengur fæddur 2019. Það eru fimm stöðugildi en að vori vorum við sex um tíma.

Í leikskólanum er unnið að þrem þáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar, sköpun og félagsfærni og læsi. Þeir í forgrunni í öllu starfinu. Allt nám í leikskólanum miðar að félagsfærni, börnin fá nægan tíma til frjáls leiks og starfsfólk er til staðar til að leiðbeina þeim. Við höfum unnið með báðum árgöngum að Vináttuverkefni Barnaheilla. Á vormánuðum kom inn verkefnastjóri sem leiddi vináttustundir. Börnunum var skipt upp í hópa og kennari fylgdi með hverjum hóp ásamt verkefnastjóra. Það reyndist okkur vel og mun nýtast okkur við að þróa starfið næsta vetur.

Við vinnum að sköpun bæði í listsköpun en einnig sköpun í leik. Með því að styrkja skráningar og taka eftir þeim leiðum sem barnið velur sér til tjáningar teljum við okkur styðja við sköpun barnanna. Við vinnum að ákveðnum verkefnum yfir veturinn og vinnum að ferilmöppum barnanna. Auk þess hafa börnin val um verkefni og geta valið sér það sem styður við áhuga þeirra hverju sinni.

Læsi er þáttur menntastefnu Reykjavíkurborgar sem við ætum nú að innleiða. Leikskólinn hefur notað námsefnið Lubbi finnur málbeinið til að hjálpa börnunum að þekkja málhljóðin. Starfsfólk hefur einnig verið mjög hugmyndaríkt og skapandi við sögugerð með leikmunum. Þetta er þáttur sem við munum vinna með á næsta skólaári. Eins hefur hópurinn fengið tíma til að læra tölur með í samveru með margvíslegum hætti.

Við lögðum áherslu á gönguferðir fyrir hvern hóp að minnsta kosti vikulega. Þá er útvera fyrir hvern hóp daglega. Í salnum fá börnin tækifæri til þess að hreyfa sig og efla hreyfi þroska og þær aðstæður nýttum við okkur. Eldri hópurinn á sinn tíma í íþróttahúsinu en það gekk brösuglega þennan vetur vegan takmarkana Covid-19.

Við tókum þátt í verkefni á vegum Rannung. Í því fengum stuðning við að styrkja þá þætti menntastefnunnar sem við höfum verið að innleiða. Starfsfólk deildarinnar tók einnig þátt í lokaverkefni deildarstjóra sem fjallaði um vellíðan, nám og flæði á deildinni. Við ígrunduðum hvað felst í vellíðan barnanna og deildinni og hvernig við styðjum við nám þeirra.

Umbótaþættir á Undralandi.

Við settum niður þrjá þætti í umbótaáætlun í fyrra. Hér á eftir er farið yfir helstu niðurstöður, styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir næsta skólaár 2021-2022.

Skráningar á námi: Börnin eru öll komin með hópaskráningar og skráningar fyrir hvern og einn. Möppurnar eru í þeirra hæð og þau skoða þær reglulega og ræða innihaldið við okkur og sín á milli. Covid-19 styrkti okkur við að taka myndir og hengja í glugga til þess að foreldrar gætu skoðað með börnum sínum. Hlutverk hópstjóra og hvaða form ætti á vera á skráningum gætum við rætt betur. Heilt yfir hefur þessi þáttur gengið mjög vel.

Styrkleikar: Starfsfólk deildarinnar er öruggara við skráningar. Að hafa viðmið um hvaða verkefni við viljum hafa og að starfsfólk fái undirbúning styður okkur. Börnin geta skoðað hvað þau hafa verið að gera og rætt við okkur.

Tækifæri til umbóta: Nú hefur hver hópstjóri umsjón með að ferilmappan sé tilbúin þegar börnin skipta um deild og það gekk eftir. En hugmyndin um að hver beri ábyrgð á sínum hóp má bæta og umræða um skráningar okkar á milli til þess að dýpka nám barna. Sem og að börnin taki þátt í skráningum og meti eigið nám. Við stefnum að því að hvert barn hafi einstaklingsskráningu.

Við setum skráningar áfram í umbótaáætlun næsta árs. Stefnum að því að skipta börnunum í hópa og að hver starfsmaður fái leiðbeiningar og tíma til þess að ljúka skráningum fyrir hvert barn.

Heimamenning barna verði sýnilegri á deildum: Þessi þáttur gekk ekki nógu vel í ár. Það voru ekki mörg börn sem komu til okkar í aðlögun á Undraland í haust. Þau sem komu inn ný í vetur hafa ekki lokið við að búa til fjölskylduspjald. Spjöldin sem fyrir voru gátu ekki verið uppi fyrst um sinn vegna Covid-19 en annars eru þau ferilmöppum nú og aðgengileg börnum. Við unnum að því að gera skráningar sýnilegar og í gluggum sem og myndverk barnanna. Það skapaði góðar aðstæður fyrir foreldra að fá örlitla innsýn í leikskóladaginn. Takmarkanir komu í veg fyrir að við gætum boðið í heimsókn og að dót kæmi að heiman.

Styrkleikar: Bæði verkefnin með fjölskyldu spjaldið og stjarna vikunnar gera börnum og foreldrum færi til að taka þátt. Þetta eru verkefni sem við viljum að sé hluti af starfi okkar á Undralandi. Við höldum honum inni.

Tækifæri til umbóta: Þátturinn að gera heimamenningu barna sýnilega má bæta á Undralandi. Við þurfum að undirbúa okkur fyrir næsta haust og vinna að fjölskylduspjaldi. Enda koma mörg ný börn á deildina í haust. Fá fram raddir barna sem ekki hafa gott vald á íslenskri tungu.

Myndrænt skipulag : Hafa sýnilegt dagsskipulag fyrir nemendur til að auðvelda þeim að sjá fyrir hvað gerist yfir daginn og auka þannig þeirra öryggistilfinningu fyrir leikskólanum. Þegar nemendur vita hvað er framunda líður þeim betur.

Styrkleikar: Við höfum nýtt okkur myndrænt skipulag til þess að útskýra fyrir börnunum hvernig dagurinn gengur fyrir sig. Í vetur var skipulagt flæði þar sem að börnin geta valið sér svæði og leikefni. Það var sett fram með myndrænum hætti. Eins höfum við nýtt myndrænt fataval í fataklefa það hefur stutt við börnin og þau sýna því áhuga.



Tækifæri til umbóta: Við viljum halda þessum þætti inni. Við stefnum að því að merkja betur hvar leikföng eru og hillur. Myndrænt skipulag í fataklefanum gekk vel. Gaman væri að hafa fleiri renninga og finna leið þar sem börnin geta nýtt þetta betur sjálf. Í flæði mættu spjöldin vera virkari þar sem börnunum er sýnt val dagsins og skýrar sé hver setur upp valið og hvenær.

Læsi

Markmiðið er að innleiða menntaþáttinn læsi inn á Undralandi sem er hluti af menntastefnu Reykjavíkurborgar sem og einn af grunnþáttum Aðalnámskrár. Læsi er eins og þar segir getan til þess að skapa merkingu og bregðast við því sem nemendur lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem í boði er hverju sinni (Aðalnámskrá, 2011, bls. 12). Næsta haust munum börnin á Undralandi vera á aldrinum tveggja til þriggja ára. Við munum nýta okkur námsefnið Lubbi finnur málbeinið. Í hverri viku er stafur vikunnar og við munum leggja mesta áherslu á að syngja lögin saman og kynnast stöfunum þ.e. málhljóðinu og þeirri hreyfingu sem hver stafur hefur. Aðstæður þar sem að kennari situr með barni á gólfi í leik og styður við jákvæð samskipti á milli bara er mikilvægt fyrir þennan aldur. Að þau fái nægt rými og frelsi til þess að tjá sig á þann máta sem hentar þeim mun líka styðja við tengsl og samskipti þeirra á milli. Við stefnum að þess vegna að því að hver hópur fái nægt rými og tíma með kennara í minni hóp.

Umbótaþættir Undraland	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáæ tlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem er stuðst við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skráningar á námi barna	Stefnum á að hver hópstjóri sjái um einstaklings- skráningar fyrir börnin í sínunum hóp.	Fræðsla og samráð um skráningar á deildarfundum.	Haust 2019 Vor 2022	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Safna gögnum, þ.e. skráningum og ræða á deildarfundum.	Hvert barn á persónulega einstaklings- skráningu.
Heimamenning barnanna	Vinna að fjölskyldu- spjaldi og hafa stjórnu- vikunnar.	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu barna þeirra.	Jan 2019 Vor 2022	Deildarstjóri Allt starfsfólk Foreldrar	Deildarstjóra- og deildarfundir. Kynning fyrir foreldra.	Markvisst sé unnið að heimamenningu yfir allt árið á öllum deildum.
Fá fram raddir barna sem ekki hafa gott vald á íslenskri tungu	Börnin geti tjáð skoðanir sínar og vilja eins og hin börnin	Gera myndrænt dagskipulag, fataval og flæði.	Haust 2019 Vor 2022	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Deildarfundir og skipulagsdagar	<i>Að börnin fái myndir í hendurnar til að geta tjáð langarnir og þarfir á einfaldan hátt.</i>
Læsi	Leggja áherslu á mennta- þáttinn læsi.	Minni hópar með kennara í leik í hópastarfi. Lubbi finnur málbeinið. Gefðu 10.	Haust 2021 Vor 2023	Deildarstjóri og hópstjórar.	Deildarfundir. Skipulagsdagar. Skráningar, Lubbaskráning og hópaskráning.	Að öll börn á deildinni fái tíma með kennara í minni hóp í hópatíma. Allir hópar fái samveru með Lubba.



2.1.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Sjónarhóls um starfið á síðasta ári.

Í haust varð sú breyting á Sjónarhóli að við byrjuðum fyrsta veturinn eftir að deildinni var formlega breytt í ungbarnadeild. Það voru 15 börn á deildinni á aldrinum 1-2 ára, 13 komu inn ný og tvö höfðu verið veturinn á undan. Stöðugildin voru fjögur og fimmti starfsmaðurinn bættist við sem stuðningur við eitt barnið í hópnum og sinnti einnig afleysingu vegna undirbúnings deildarstjóra. Á deildinni voru þrjú fjöltýngd börn.

Aðlögun var með öðrum hætti en venjulega. Vegna Covid var ekki hægt að bjóða foreldrum að taka eins virkan þátt í aðlögun og venjulega. Leikskólinn er venjulega með þáttökuaðlögun en það gekk ekki þetta haustið. En aðlögun gekk á heildina litið vel, foreldrar tóku eins mikinn þátt og hægt var vegna aðstæðna, en hluti af aðlöguninni fór fram utandyra.

Ákveðið var að vinna með börnunum í litlum hópum í hópastarfi. Barnahópnum var skipt í þrjá hópa sem unnu með mismunandi efnivið undir stjórn hópstjóra. Í hverjum hóp voru fimm börn á dreifðum aldri. Við ákváðum að skipta börnunum ekki eftir aldri í þessum stundum, þar sem mjög krefjandi er að vera með fimm börn rúmlega eins árs í hóp og við töldum betra að vinna með blandaðan aldur.



Við studdum við sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum með því að hvetja þau til sjálfshjálpar, t.d. í matmálstímum, fataherberginu og á snyrtingunni, og eru börnin dugleg að reyna að gera sjálf.

Boðið var upp á foreldraviðtöl bæði haust og vor og var mjög góð mæting í þau. Haustviðtalið gekk að mestu leiti út á að fara yfir aðlögun og hvernig hún hafði gengið og líðan barnsins í leikskólanum.

Í viðtalinu í vor ræddum við um barnið og stöðu þess. Einnig fórum við yfir gátlista varðandi þroska barnsins. Kynntar voru fyrir foreldrum ferlimöppur sem verið er að vinna að fyrir hvert og eitt barn.

Frjáls leikur og útivera fær alltaf mikinn tíma á Sjónarhóli, ásamt gleði, umhyggju, virðingu og vináttu. Við höfum notið lífsins í leik og starfi og hefur leikurinn blómstrað bæði úti og inni og tekið heilmiklum framförum. Í leiknum læra börnin samkennd og vináttu, að þekkja rétt og rangt og deila með öðrum.

Í vetur voru allir með sinn fasta undirbúningstíma skráðan í undirbúningstöflu sem starfsmenn nýttu flestir mjög vel, deildarfundir áttu líka sinn fasta tíma aðra hverja viku og stjórnarfundir áttu sinn tíma alltaf vikulega. Allt þetta skiptir mjög miklu máli til að starfið verði markvissara, betra og sýndi það svo sannarlega í starfinu hversu mikilvægt er hafa góðan undirbúning og fundi til að ræða saman. Annað sem var nýtt var að settar voru upplýsingamöppur inn á hverja deild þar sem allar helstu upplýsingar voru að finna m.a. árshjólið, dagskipulagið, undirbúningstaflan, læsisstefna, umbótaþættirnir og margt fleira. Virkilega góð viðbót að hafa upplýsingamöppu sem alltaf var hægt að bæta við mikilvægum upplýsingum og auðvelt að grípa í hana.



Eftir að hafa farið í gegnum innra matið kom í ljós að börnunum líður vel og þau eru glöð og áhugasöm. Við leggjum áherslu á það sem börnin gera vel að það fái hvatningu og hrós sem er ígrundað. Samtöl okkar við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi, börnin fá tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum og starfsfólkið sýnir sanngirnin ef það þarf að grípa inn í og aðstoða börnin við að leysa úr þeim.

Umbótaþættir á Sjónarhóli:

Skráningar á námi barna verði sýnilegri á deildinni: Öll börnin eru núna komin með ferilmöppu þar sem skráningum er safnað saman, skráningin er til að meta nám, þroska og vellíðan barna. Skráningin er mjög góð til að hafa betri yfirsýn á framförum þeirra og hvað þarf að styðja þau frekari í. Flestir starfsmenn eru búnir að tileinka sér hæfni sem þarf við gerð skráninga.



Það sem vel er gert: Skráningum hefur fjölgað til muna og eru mun sýnilegri eftir að við settum þennan þátt í umbótaáætlunina. Allir starfsmenn eru miklu meðvitaðri núna um að grípa augnablikið í leik og starfi barnsins og hefur skráningum á hverju barni aukist til muna. Við erum mjög dugleg að skrá sköpunarferli barnanna með myndum og hinu daglega námi. Skráningarnar eru aðgengilegar börnunum, hanga í þeirra hæð á veggjum og fara svo í ferilmöppur. Vikulega hengdum við upp í fataklefan myndir með texta, þar sem starfið varð sýnilegt eftir vikuna, foreldrar voru virkilega ánægðir og höfðu gaman að því að skoða þær.

Tækifæri til umbóta: Fram að þessu hefur deildarstjóri að mestu leiti séð um skráningar en það breyttist í vetur. Hópstjórar hafa að öllu leiti séð um skráningar fyrir sinn hóp í samráði við deildarstjóra. Ferilmöppurnar eru sýnilegar börnunum en ekki staðsettar þannig að þau hafi aðgang að þeim. Athuga með að færa þær þar sem börnin hafa aðgang að þeim.

Heimamennig barna: Að samstarf heimila og skóla gerir starfið ennþá betra því mikilvægt er að foreldrar verði enn meiri partur af starfinu.

Það sem vel er gert: Foreldrar fengu heim með sér veggspjald sem þau voru beðin um að setja á myndir af barninu og nánustu fjölskyldu og merkja við myndirnar fjölskyldutengsl við barnið. Veggspjöldin voru svo hengd upp þar sem þau voru aðgengileg börnunum. Þetta hefur verið mikið skoðað í vetur og hafa börnin haft gaman af að sýna vinunum sínar myndir og einnig að skoða myndir hinna barnanna.

Okkur finnst þetta vera mikilvægur partur af starfinu þar sem foreldrar og fjölskyldur barnanna færast ennþá nær starfinu.

Tækifæri til umbóta: Að virkja foreldra enn freka í að útbúa veggspjöld fyrir börnin. Ekki gekk nógu vel að fá myndir frá öllum á veggspjöldin þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir til foreldra. Vonumst til að geta tekið

upp fyrra vinnulag í haust og bjóða foreldrum að útbúa sjálfir veggspjöldin á meðan aðlögun stendur. Þetta fyrirkomulag gekk ekki síðasta haust vegna samkomutakmarkana.

Sköpun; áherslan á ferlið frekar en afurðir: Efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og leyfa börnunum að spreyta sig í að nýta sköpunargáfu sína. Börnin efla sköpun með því að glíma við mismunandi viðfangsefni.

Það sem vel er gert: Efla starfsmenn í að nýta ólíkan efnivið og leyfa börnunum að spreyta sig í að nýta sköpunargáfu sína. Börnin efla sköpun með því að glíma við mismunandi viðfangsefni. Börnin höfðu áhrif á ferlið í sköpuninni í samstarfi við starfsmenn. Þau fengu að njóta sín og reynt eftir bestu getu í eins rólegu umhverfi og hægt er.

Tækifæri til umbóta: Þetta gekk mjög vel í vetur allir meira meðvitaðir um að einblína á ferlið frekar en afurðina. En þá má alltaf gera betur og eru því komnar hugmyndir um að gefa pláss fyrir sköpun í stundatöflu og þegar flæði er í gangi. Skipta þá börnunum niður í hópa og gefa hverjum hóp viku í listakrók með fyrir fram ákveðnum verkefnum. Hafa efnivið sýnilegan og í þeirra hæð svo



þau geti nálgast hann. Með þessu höldum við að nemendur getur notið sín og hafi nægan tíma í sköpun.

Aðrir námsþættir: Við unnum einnig með námsefnið „Lubbi finnur málbein“. Við tókum námsefnið markvisst inn í söngstund 2x í viku, þar sem við sungum lögin og börnin lærðu textann og hreyfingarnar við lögin. Þetta gekk mjög vel og börnin sýndu efninu mikinn áhuga og þá sérstaklega táknunum við stafina. Við munum halda áfram að vinna með þetta námsefni og þróa þá vinnu áfram.

Tækifæri til úrbóta: Stefna á að fjölga þeim stundum sem unnið er með Lubba og taka það jafnvel inn í fleiri þætti starfsins á deildinni.

Næsta haust munum við taka aftur upp námsefni Barnaheilla og vinna markvisst með það, en sú vinna hefur legið niðri í vetur.

Umbótaþættir Sjónarhóll	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)
Skráningar á námi barna	Gera þær markvissari, sýnilegri á deildum og leiðbeina starfsfólki við að gera skráningar og safna gögnum	Við veljum ákveðna þætti sem við ætlum að skrá. starfsfólk fær leiðbeiningar Hluti skráninga verði sýnilegur á deildunum	Haut 2021 Vor 2022	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum
Heimamenning barnanna	Að heimamenning verði sýnilegri á deildunum	Virkja alla foreldra til samstarfs um heimamenningu u barna þeirra	Jan 2021 Vor 2022	Deildarstjóri Allt starfsfólk	Deildarstjórafundir, deildarfundir skipulagsdag könnun hjá starfsfólki og börnum
Vinna markvisst að sköpun og áhersla verði lögð á ferlið frekar en afurðir	Setja upp áætlun hvernig við ætlum að vinna með sköpun. Áhersla lögð á að börnin hafi áhrif á ferlið í sköpuninni í samtarfi með starfsmönnum.	Í rólegu umhverfi og gefa sér tíma.	Haut 2021 vor 2022	Deildarstjóri ber ábyrgð að þetta fari markvisst fram samkvæmt áætlun og allir starfsmenn taki virkan þátt í að móta það.	Með skráningu og að því verði fylgt eftir á deildarfundum.



2.1.4 Innra mat sérkennslu

Öll börn hafa jafnan rétt til þátttöku í öll starfi leikskólans en ávallt er tekið mið af þörfum hvers og eins. Lögð er áhersla á að það barn sem þarfnast sérkennslu fá hana fyrst og fremst innan barnahópsins í daglegu starfi. Barnið er hluti af hópnum og allir kennarar bera ábyrgð á því. Mikilvægt er að efla félagsfærni barnsins og styðja það í leik og samskiptum við önnur börn.

Í leikskólanum er fylgst vel með þroska og líðan barna og þegar grunur er um seinkun eða skerðingu á þroska er leitað eftir ráðgjöf og handleiðslu hjá þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Teymisfundir fyrir hvert stuðningsbarn eru haldnir á sex til átta vikna fresti. Í hverju teymi eru foreldrar, deildarstjóri, sérkennslustjóri, stuðningsaðilar, ráðgjafar þjónustumiðstöðvar og víðar eftir þörfum. Á teymisfundum er farið yfir stöðu barns, framfarir og áframhaldandi vinnu.

Sérkennslustjóri og stuðningsaðili sjá um gerð einstaklingsnámskrár í samvinnu við foreldra og sérfræðinga teymisins. Einnig eru færnilistar eins og AEPS nýttir við gerð einstaklingsnámskrár þar sem færni barns er metin og einstaklingsnámskráin uppfærð eftir þörfum.

Stuðningstímar fara fram bæði inn á deild og í sérkennslurými, einstaklingslega eða í hóp, allt eftir þörfum hvers barns. Notast er við skráningarblöð frá Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins þar sem skipulag stuðningstímans er ítarlega sett fram og framförum barns er fylgt eftir. Einnig er notast við þjálfunaráætlun úr bókinni Behavioral Intervention for Young Children with Autism þegar það á við.

Ýmis námsgögn eru notuð í sérkennslunni sem eru bæði aðkeypt eða útbúin af sérkennsluteyminu. Reglulega eru keyptar bækur, spil, stokkar og fleira sem nýtist við sérkennsluna. Þau málörvunartæki sem gjarnan er stuðst við eru efni frá Fjölbreytt kennsla, Tölum saman, Lubbi finnur málbein, Lærum og leikum með hljóðin, Ljáðu mér eyra og Orðagull.

Í upphafi hvers skólaárs er tekið Hljóm-2 af öllum fimm ára börnum. Ef þörf þykir er barninu vísað til talmeinafræðings sem tekur frekari mat á málþroska þess. Deildarstjóri sér um ráðgjöf til foreldra ef prófniðurstöður benda til þess að vinna þurfi sérstaklega með hljóðkerfisvitund barnsins.



Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markviss málörvun	Stefnt er að því að vera með markvissari málörvun	Allar deildir taka þátt í gefðu 10 Efla færni starfsmanna til að nýta allar stundir í málörvun	Ágúst 2021- júlí 2022	Sérkennslustjóri /deildarstjóri	Maí 2022	Skráning á gefðu 10 og áætlun um málörvun sé til í leikskólanum
Markvisst skipulag og skráning	Stefnt er að því að vera með markvissara skipulag og skráningu í sérkennslunni	Útbúa ítarlega einstaklings- námskrá fyrir öll börn sem hljóta sérkennslu/ málörvun	Ágúst 2021- júlí 2022	Sérkennslustjóri /stuðningsaðili	Maí 2022	Endurskoðun á einstaklings- námskrá og gátlistum sé gerð á sex til átta vikna fresti.



3 Ytra mat

Ytra mat leikskólans byggir á skýrslu um Ytra mat frá árinu 2018, Starfsmannakönnun frá 2021 og foreldrakönnun Reykjavíkurborgar frá vormánuðum 2021. Niðurstöður þessara athugana eru nýttar til að ákveða þá áhersluþætti sem vinna á með næsta vetur. Þessar skýrslur hafa mikil áhrif á hvaða þættir verða fyrir valinu hverju sinni þegar gera á starfsáætlun og umbótaráætlun.

Ytra mat leikskólans var unnið í júní 2018 og eru niðurstöður þeirrar vinnu nýttar til að leggja áherslu á það sem bæta þarf í starfinu næsta árið. Þeir þættir sem m.a. var bent á að þyrfti að laga voru að gera einkunnarorð leikskólans sýnilegri. Sú vinna er þegar hafin eins og áður sagði og ætlum við að halda áfram að vinna með einkunnarorðin Hreyfing – Gleði – Vinátta. Einnig kom fram í ytra matinu að bæta þyrfti upplýsingar á heimasíðu og skólanámskrá þyrfti að uppfæra en þetta er í vinnslu en beðið er eftir betri heimasíðu.

Í vetur lögðum við áherslu á undirbúning deildarstjóra og samvinnu þeirra á milli. Deildarstjórar taka nú allir undirbúning á sama tíma en þá er möguleiki til faglegs samtals og meiri möguleiki að samræma á milli deilda hvernig starfið fer fram. Skólastjórnendur hafa unnið Árshjól Stakkaborgar í samvinnu við deildarstjóra en þar koma fram fundardagar deilda sem og uppbrotsdagar og vikur leikskólans. Með auknum fjölda fagfólks erum við að upplifa að nú erum við að komast á þann stað að við getum tekið inn meiri teymisvinnu þar sem fagmenn leiða starfshópa og stefnum við á að byrja að feta okkur í þeim þáttum næsta vetur. Það er mikill áhugi fyrir þeirri vinnu og teljum við okkur geta eftir faglegt starf enn frekar þegar fagmenntuðum starfsmönnum fjölga innar leikskólans.

Foreldrakönnun kom eins og áður sagði vel út, við hækkuðum í heildina á ánægju með leikskólann úr 4,56 stigum í 4,61 þannig að enn erum við að bæta okkur. Þeir þættir sem þarf að bæta þar snéru að þáttum eins og hvort skólinn hvetji foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu, en út frá heimsfaraldri er eðlilegt að þessir þættir komi illa út þar sem foreldrar fengu litla aðkomu að starfi barnanna í vetur vegna veirunnar. En þetta teljum við vera einfalt að bæta þegar skólastarfið verður eðlilegt aftur.

Starfsmannakönnun fór fram í febrúar 2021 og kom sú könnun einstaklega vel út í Stakkaborg. Við hækkuðum flesta þætta milli ára. Starfsánægja fór úr 4,46 í 4,68 sem er mjög góð hækkun. Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi hækkaði líka töluvert eða úr 4,49 í 4,67. Fjölgun á þeim sem höfðu fengið starfsmannasamtal var einnig mjög mikil en í ár svöruðu 92,9% að þeir hefðu fengið starfsþróunarsamtal en þess má geta að eitt slíkt fór fram fyrir áramót við alla starfsmenn og svo aftur eftir áramót eða í feb/mars. Þættir er vörðuðu starfsaðstöðu og vinnuálag komu ekki nógu vel út í fyrria en eftir breytingarnar á Sjónarhóli hefur þetta heldur betur breyst og þar hækkuðum við úr 4,13 í 4,79 enda er almenn ánægja með þær góðu breytingar sem urðu á allri starfsmannaðstöðunni.

Ýmis vinna mun fara fram næsta vetur s.s. ýmsir ferlar sem þarf að ljúka:

- Ferlar ef grunur vaknar um frávík hjá barni verða unnir næsta vetur en það mun verða verkefni stjórnenda og sérkennslustjóra að koma þeim verkferlum í skólanámskrá.
- Móttökuáætlun nýrra starfsmanna er í vinnslu og ætlunin að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.
- Skólanámskrá.
- Læsisstefna.
- Ferlar vegna teymisvinnu - en stefnt er á að hafa teymi um Sköpun, Félagsfærni, Læsi og Flæði.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram tvisvar sinnum yfir veturinn 2020 - 2021, í nóvember og lok feb og byrjun mars. Við munum halda áfram á þeirri braut, þ.e. örsamtal í nóvember til að styðja við starfsmenn í starfi og annað viðtal við stjórnendur í mars/apríl. Stefnum á að halda starfsamtöl þar sem deildarstjórar ræða við starfsmenn á sinni deild næsta vetur. Með því erum við að efla fagstarf deildarstjóranna sem stjórnendur yfir sinni deild. Þá teljum við þetta mikilvægan þátt í því að efla samvinnu og samstarfs innan deilda, gefur deildarstjórum tækifæri til að efla starfsfólk deildarinnar á jákvæðan hátt.

Fræðsla næsta vetrar verður að einhverju leyti tengd læsi og félagstengslum. Við stefnum á að fá fyrirlestra fyrir alla starfsmenn um núvitund. Við stefnum á gerð skynjunarherbergis fyrir nemendur þar sem unnið verður með sköpun í rými í tengslum við ljós, skugga og fjölbreyttan efnivið. Við viljum kynna þá hugmyndafræði enn betur fyrir starfsmönnum og munum vinna að því næsta vetur.

Við erum að fara í námsferð – sem frestaðist frá árinu 2020 en þar erum við að fara að kynna aðferðinni „Leikur að læra“ og þar er unnið með leikinn í tengslum við læsi á fjölbreyttan hátt. Við erum því enn á ný búin að færa einn skipulagsdag yfir á nýtt skólaár með leyfi SFS og foreldraráðs. Einnig verður í sömu ferð námskeið sem heitir Hópefli og tilfinningagreind en nú er stefnt að sú ferð verði farin júní 2022.

Markmið næsta vetrar:

- Starfsþróunarsamtöl fara fram a.m.k tvisvar á ári og fara fram í okt/nóv og mars/apríl.
 - ✓ Spurt er um líðan í starfi, styrkleika og það sem starfsmaður vill auka þekkingu á. Hvað starfsmaður vill leggja áherslu á í starfinu. Það sem starfsmaður vill sjálfur ræða um hverju sinni. Einnig stefnt að því að deildarstjórar taki viðtal við sína starfsmenn einu sinni yfir veturinn.



- Efla nýliðafræðslu á fyrstu 3 mánuðunum – komumst ekki í þetta síðasta vetur. Við þurfum að efla móttöku nýliða og gera móttökuáætlun virka.
- Efling félagsfærni og sköpunar úr Menntastefnu Reykjavíkurborgar – vinnum áfram með þá þætti:
 - ✓ Félagsfærni: Vináttuverkefni Barnaheilla tekið enn frekar inn í starfið
 - ✓ Félagsfærni: Hugarfrelsi.is, nýta aðferðir þeirra við að efla tilfinningar og líðan barnanna en þær aðferðir hjálpa börnum við að efla sig í samskiptum, sjálfsaga og tilfinningastjórn.
 - ✓ Sköpun: Draga fram það skapandi starfs sem fram fer innan leikskólans.
 - ✓ Sköpun: Útbúa skynjunarherbergi þar sem lögð verður áhersla á núvitund og vinna með fjölbreytt skynjunarverkfæri s.s. ljós og skugga, liti í rýminu, tónlist ofl.
- Læsi – námsþáttur Menntastefnunnar:
 - ✓ Nýtum aðferðir frá Fjölbreyttar kennsluaðferðir.
 - ✓ Námsferð Stakkaborgar. Stefnt var að fara í námsferð í „Leikur að læra“ í Alicante á skipulagsdögum í maí 2022, námskeiðið tengist hreyfingu og læsi. Á námskeiðinu kynnast starfsmenn leikjum og aðferðum til að vinna með hljóðkerfisvitund, aukningu orðaforða og læsis á markvissan hátt í gegnum leikinn.
- Námskeið í Vináttu – sendum fleiri starfsmenn á þau námskeið.
- Fræðslutilboð frá endurmenntun HÍ og frá SFS verða skoðuð og nýtt eftir þörfum.
- Erasmus styrkur – fengum styrk til að senda 6 starfsmenn á námskeið (2 á hvert námskeið) um sköpun og útikennslu á Ítalíu og Hollandi. En við vitum ekki hvenær þau námskeið munu fara fram enda aðstæður ekki boðið upp á ferðir erlendis.
- Vorum í samvinnu í B hluta þróunarsjóðs menntastefnunnar með Björtuhlíð en sú vinna lá niðri út af Covid alfarið þennan veturinn.

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Skilaboðaskjóðan, samstarf Háteigsskóla, Nóaborgar, Klambra og Stakkaborgar hefur verið farsælt og stöðugt eftir að þróunarverkefni þessara skóla lauk. Markmiðið með þessu samstarfi er að stuða að vellíðan og öryggi barna við flutning frá leikskóla í grunnskóla og að elstu börnin í leikskólunum séu búin að kynnast hvort öðru í upphafi skólagöngu. Með verkefninu var unnið að því að brúa betur bilið á milli skólastiganna. Við teljum gott samstarf milli þessara aðila styrkja starfsfólk á báðum skólastigum. Samstarfið hefur gengið vel í gegnum tíðina en veiran hafði áhrif á að heimsóknir urðu færri en gert var ráð fyrir.

Það á eftir að setja niður dagsetningar fyrir næsta ár. Þær dagsetningar koma þegar leik- og grunnskólinn hittist í haust og verður fært inn í starfsáætlun á haustdögum. Skipulagðar heimsóknir eru á milli þessar leik- og grunnskóla í hverfinu.

Samstarfs milli stjórnenda þessar stofnanna var meira í ár en oft áður, leikskólastjórar voru í miklum samskiptum. Stjórnendur leikskólans og Háteigsskóla voru einnig í góðum samskiptum í vetur.

Eins og áður sagði vorum við í samvinnu í verkefni með Björtuhlíð en það hefur ekkert gerst í því verkefni í vetur.

Við vorum einnig að fara í samstarfsverkefni með Myndlistaskóla Reykjavíkur en því miður fór það ekki gangi sökum heimsfaraldurs en vonumst til að geta tekið þátt í því í næsta vetur.

6 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er góð en foreldrafélag sér um marga viðburði þegar eðlilegt skólahald er en sökum heimsfaraldurs duttu flest allir viðburðir niður þetta skólaári. Bæði feðra- og mæðrakaffi þennan veturinn féll niður vegna ástandsins. Foreldraviðtölin fara fram tvisvar sinnum á ári og geta foreldrar óskað eftir viðtali við deildarstjóra eða stjórnendur ef þarf þess fyrir utan, en að þessu sinni fóru mörg þeirra fram í gegnum fjarfundarbúnað eða í símtali. Almennt hafa samskipti gengið mjög vel og fara upplýsingar um viðburði og fréttir heim í tölvupósti. Við þurftum að vera í miklum tölvupóstsendingum þetta árið vegna sóttvarnareglna sem tóku ýmsum breytingum yfir veturinn og virðast foreldrar sátta við þá upplýsingagjöf.

Við höfum haft opna viku en þá geta foreldrar komið og tekið þátt í starfinu með barninu sínu. t.d farið með í íþróttir, tekið þátt í sögustund, söngstund eða verið með í frjálsum leik. Opna vikan er venjulega í desember en féll að sjálfsgöðu niður þetta árið. Mjög misjafnt hefur verið á milli ára hvað foreldrar taka mikinn þátt en alltaf gaman og gott að fá foreldra inn í leikskólann og allir sammála um að það hefur vantað mikið í vetur að hafa foreldrana ekkert inni í leikskólanum og hlökkum við til næsta vetrar og meiri samskipta við þá.

Í Stakkaborg eru starfandi foreldraráð og foreldrafélag. Foreldrar bjóða sig fram til starfa í þessum nefndum og hefur gengið vel að manna þessar stöður. Í foreldraráði er eitt foreldri frá hverri deild, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í upphafi skólaárs. Mikið af samskiptum fer fram í gegnum tölvupóst en einnig er fundað ca. tvisvar á ári. Helstu breytingar eru bornar undir ráðið og einnig er ráðið inn í málum sem koma upp í leikskólanum sem tengjast börnum og skipulagningu. Ráðið fær áætlanir til umsagna. Foreldraráð var beðið um leyfi til að færa einn starfsdag fram á næsta skólaárs vegna ferðar leikskólans til Alicante og samþykktu þau það.



Foreldrafundur verður 22. september. Kynning verður á skólastarfinu og hver deild kynnir stundaskrá og starf vetrarins. Kaffi og spjall.

Kosið er í stjórn foreldrafélagsins á aðalfundi að hausti. Tveir fulltrúar af hverri deild auk fulltrúa starfsmanna. Mikið af samskiptum félagsins er í tölvupósti en einnig eru haldnir fundir. Foreldrafélagið heldur utan um ýmsar upptækur s.s. jólaball, sveitaferð, sumarhátíð o.fl. Í ár sinntu 6 foreldrar þessu hlutverki.

Í sumar átti leikskólinn að hafa sumaropnun en þar sem eingöngu komu 3 umsóknir frá börnum Stakkaborgar og ein umsókn úr Björtuhlíð og ein frá Klömbrum var sú ákvörðun tekin að þau börn færu í Langholt í stað þess að hafa Stakkaborg opna. Vegna þessa hélt sumarleyfistíminn sér þetta sumarið sem hafði verið ákveðinn af foreldrum í kostninum í júní 2019. En sú tímasetning sem flestir vildu þá var 7. júlí til 4. ágúst og því lokar leikskólinn þessa 20 daga. Í haust stefnum við á að senda út könnun til foreldra um hvaða tímasetningu meirihluti foreldra vill hafa sumarfrí skólaársins 2021-2022. Gefnir verða upp þrír kostir og könnunin send til allra foreldra sem verða með börn í námi næsta vetur.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Á síðasta ári datt ferð starfsmanna til Alicante aftur niður og það fékkst leyfi til að geyma einn starfsdag frá 2020-2021 yfir á starfsárið 2021 – 2022. Starfsdagar verða því 7 þetta árið.

Skipulagsdagar verða sem hér segir:

- 17. sept 2021
- 7.okt 2021
- 10.nóv 2021
- 7.feb 2022
- 4.mars 2022
- 2. og 3. júní 2022 – námsferð leikskólastarfsmanna

Starfsmannafundir verða 4 yfir veturinn en þeir fara fram eftir að leikskóla lokar á daginn.



8 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 2 – Árshjól Stakkaborgar

Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal

F. h. leikskólans Stakkaborgar

Jónína Einarasdóttir

Leikskólastjóri

1. júlí 2021



8.1.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2021 – 2022 Leikskólinn Stakkaborg



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn Foreldraráðs 2021

Foreldraráð hefur kynnt sér starfsáætlun Stakkaborgar 2021- 2022. Á liðnum vetri hefur í ljósi aðstæðna ekki verið hægt að hafa samgang milli leikskóla, foreldrasamstarf hefur verið minna en í eðlilegu ári og ekki hægt að sinna markmiði um heimamenningu barnanna, að gera hana sýnilegri. Þrátt fyrir það hefur starfsfólk og stjórnendur Stakkaborgar staðið sig gríðarlega vel í að halda faglegu starfi og tengingu við foreldra barnanna. Fastir liðir í dagskrá vetrarins og starf inná deildum hefur gengið vel þrátt fyrir samkomutakmarkanir á tíðum.

Verkefni um styttingu vinnuvikunnar var innleitt og telur foreldraráð útfærslu Stakkaborgar vera til fyrirmyndar. Virkilega jákvætt að byrja styttinguna í áföngum á meðan verið er að útfæra hana svo að hún henti starfsfólki og börnum sem best. Stakkaborg fékk viðurkenningu sem framúrskarandi vinnustaður og virkilega gaman að sjá jákvæða útkomu úr starfsmanna- og foreldrakönnunum. Ný aðstaða á yngstu deildinni, Sjónarhóli, ásamt undirbúningsaðstöðu og kaffistofu fyrir starfsfólk hefur augljóslega haft jákvæð áhrif á starfið. Jafnframt hafa starfsmenn fengið undirbúningstíma sem er gríðarlega mikilvægur til að viðhalda faglegu starfi og að koma nýjum hugmyndum í framkvæmd. Áhugavert verður að fylgjast með hvernig starfið eflist enn frekar inni á deildunum með því að styrkja deildarstjóra sem stjórnendur og starfsþróun starfsmanna.

Foreldraráð telur jákvætt að bæta læsi inn úr markmiðum menntastefnunnar og enn fremur mikilvægt að vinna með læsisverkefni eins og t.d. Lubba á öllum deildum leikskólans. Stefnt er að einkunnarorð leikskólans verði sýnilegri enda starf hans mikið byggt á þeim. Eins er aukinni áherslu á einstaklingsskráningar í ferilmöppur barnanna fagnað. Ánægja er einnig með að stefnt sé að nýrri og betrubætti heimasíðu leikskólans með nýjustu upplýsingum hverju sinni og vill foreldraráð hvetja stjórnendur og starfsfólk til að nýta stafrænar lausnir eins og t.d. Völu appið enn frekar en nú þegar hefur verið gert.



8.1.2 Fylgiskjal 2 – Árshjól Stakkaborgar

Ágúst - Nóvember

Vika	Viðburðir	Deildar fundur	Annað
5. ágúst	Leikskólinn opnar		
9.- 13. ágúst	Aðlögun milli deilda hefst Aðlögun hefst á Sjónarhóli 12. Starfsmannafun 16:30-18:30	Katth. Sjón	7 börn fara af S yfir á U 12. ágúst 11 börn af U yfir á K
16. - 20. ágúst	Elstu börn hætta 20. ágúst Aðlögun 2 á Sjónarhóli 5 Ný börn í aðlögun á Undra	Undra	
23. - 27. ágúst	3-4 Ný börn í aðlögun á Undral	Enginn fundur	
30.ág - 3. sept	Aðlögun 3 á Sjónarhóli	Katth /Sjón	
6. - 10. sept	8. dagur læsis	Undra	
13. - 17. sept	16. Dagur íslenskrar náttúru 17. Skipulagsdagur	Katth / Sjón	
20. - 24. sept	22. Fundur foreldrafélags 24. Dótadagur	Undra	
27. sept - 1. okt	26. Evrópski tungumáladagurinn	Katt / Sjón	
4. - 8. okt	7. skipulagsdagur	Undra	
11. - 15. okt	Foreldraviðtöl Undraland	Katt /Sjón	
18. - 22. okt	Foreldraviðtöl Sjónarhóll	Undra	
25. - 29. okt	27. Bangsadagur	Katth / Sjón	Undirbúa vinaviku
1. - 5. nóv		Undra	
8. - 12. nóv	10. Skipulagsdagur Vinavika 8. Baráttudagur gegn einelti Foreldraviðtöl Kattholt	Katth Sjón	
15. - 19. nóv	16. Dagur íslenskrar tungu 20. Dagur mannréttinda barna	Undra	
22. - 26. nóv		Katth Sjón	

Desember - Mars

Vika	Uppákomur	Deildar fundur	Annað
29.nóv. - 3. des	Piparkökubakstur	Undra	
6.- 10. des	Opin vika - Kynna vel Piparkökumálun / föndra skó 10. starfsmannafundur	Katth Sjón	
13. - 17. des	Kaffi Flóra - Gönguferð	Engir fundir	
20. - 23. des	Róleg heit í leikskólanum	Engir fundir	
27. - 30. des	31. gamlársgdagur 1. janúar	Engir fundir	
3.- 7. jan	Vasaljósavika 6. Prettándinn 7. Búninga/náttfatadagur	Undra	
10. - 14. jan	10. starfsmannafundur Undirbúningur öskudags búninga	Katth Sjón	
17.- 21. jan	21. Bóndadagur - Herrakaffi /Porrablót	Undra	
24. - 28. jan		Katth Sjón	
31.jan - 4. fe	6. Dagur leikskólans	Undra	Undirbúa myndband vegna hans
7. - 11. feb	7. Skipulagsdagur 11. dagur íslenska tákn málsins	Katth Sjón	
14. - 18.feb	18. Dömkaffi	Engir fundir	
21. - 25. feb			
28.feb.- 4. mars	28. Bolludagur 1. Sprengidagur 2. Öskudagur 4. Skipulagsdagur	Undra	
7. - 11. mars		Katth /Sjón	
14. - 18. mars	14. Dagur stærðfræðinnar Stærðfræðivika 15. Innritun Foreldraviðtöl Undraland	Undra	
21. - 25. mars	Foreldraviðtöl Sjónarhóll	Katth/ Sjón	



Apríl - Júlí

Vika	Uppákomur	Deildar fundur	Annað
28. mars - 1. apr	Foreldraviðtöl Kattholt	Engir fundir	
4. - 8. apríl	5. starfsmannafundur	Undra	
11. - 15. apríl	DYMBILVIKA 14.apríl skírdagur 15. apríl Föstudagurinn langi	Katth Sjón	
18. - 22. apríl	18. Annar í páskum 21. Sumardagurinn fyrsti	Engir fundir	
25. - 29.apríl		Engir fundir	
2. - 6. maí	Vinavika - Réttindi barna	Undra	
9. - 13. maí		Katth Sjón	
16. - 20. maí	20. Dótadagur Umhverfisvika	Undra	
23. - 27. maí	26. Uppstigningardagur	Katth Sjón	
30. maí - 3. júní	2. SFygikipulagsdagur 3. Skipulagsdagur	Undra	
6. - 10. júní	6. Annar í Hvítasunnu	Katth Sjón	
13. - 17. júní	17.Lýðveldisdagurinn	Undra	
20. - 24. júní		Engir fundir	
27. júní - 1. júlí		Engir fundir	1. Skil á starfsáætlun fyrir skólaári 2022-2023
4. - 8.júlí	Sumarleyfi óákveðið senda könnun á foreldra í haust.	Engir fundir	



8.1.3 Fylgiskjal 3 – Leikskóladagatal

AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JUNÍ
1 S	1 M	1 F		1 M	1 L	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M
2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 Þ
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 Þ	17 F
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 L	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F	21 L	21 Þ
22 S	22 M	22 F	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F



